

Borgarbyggð
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík 7. janúar 2019
UST201811-319/K.S.J.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Miðnes í Borgarnesi

Vísað er til erindis Umhverfis- og skipulagssviðs Borgarbyggðar er barst 29. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi Miðness í Borgarnesi.


Miðnes


Ofangreint svæði er miðsvæðis í Borgarnesi og í greinargerð kemur fram að áætlað er að stækka hótél Borgarnes sem er á reit þar sem deiliskipulag er ekki fyrir hendi, og þar af leiðandi er farið í að skipuleggja Miðnesið, þ.e. svæði sem er tæpur 1,5 ha að flatarmáli. Í greinargerð kemur fram að markmið skipulagsins er að staðfesta lóðamörk, afmarka byggingarreiti og setja skilmála um mannvirki á lóðum og hugsanlega endurbyggingu.

Umhverfisstofnun tekur undir það að hámarkshæð á lóðum nr. 12 og 16 við Egilsgötu skal vera óbreytt.

Á ofangreindu svæði eru ekki náttúruminjar á náttúruminjaskrá og þar eru ekki náttúruminjar er njóta sérstakrar verndar skv. lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda áætlun.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Axel Benediktsson
Sérfræðingur